

Stjórnarfundur – Fundargerð

Dagsetning: 7. mars, 2011

Staðsetning: C is for Cookie, Rvk

Viðstödd: Raket Sigurðardóttir, Steinn Arnar Jónsson, Dísá Anderiman.

Punktur frá fundi

- Ákváðum að leggja til að árgjald árið 2011 yrði 25 þúsund kr og 7 þúsund fyrir sprotafyrirtæki.
- Raket sagði frá fundinum milli Agile netsins og Agile hópsins. Ætlum að halda félögunum áfram aðskyldum.
- Ræddum um ný meðlimafyrirtæki, Orkustofnun Reykjavíkur, Mentor og Skýrr.
- Dísá sagði frá því að Arion ætlaði hugsanlega að ganga í félagið.
- Raket ætlar að senda lög félagsins á tengilidir@agilenetid.is og óska eftir breytingatillögum og sömuleiðis auglýsa aðalfundinn.
- Fórum yfir tengiliðalistann og Steini ætlar að sjá um nokkrar smávægilegar breytingar.
- Ræddum um hvort við ættum að bæta tveimur meðstjórnendum í stjórn félagsins. Sáum ekki fram á þörf væri fyrir fleiri, þannig að við ákváðum að halda fjölda stjórnarmeðlima áfram sem þremur.
- Ákváðum að bjóða Agile hópnum á aðalfund og fá þau til að kynna sín plön.
- Ræddum um hugmyndina að láta aðilla úr Agile hópnum vera formlegan meðlim í Agile netinu, til að auka tengslin á milli þessara tveggja félaga. Ákváðum að gera það ekki formlegt núna.
- Ætlum að leggja til eftirfarandi viðbót við 4. grein laga félagsins: “Þau grasrótarsamtök sem hyggjast fá fjárhagsstuðning frá Agile netinu ber að mæta fund félagsins og kynna hugmyndir sínar og fá samþykktar.” Raket ætlar að fínþússa þennan texta og senda á tengiliði.
- Raket ætlar að komast að því hvað við þurfum að gera til að ársreikningar okkar séu löglegir.
- Dísá hringdi í skattinn til að fá upplýsingar um endurskoðanda.